

Fundur - 14.júlí 2006

Föstudaginn 14. júlí kom skipulags-, bygginga- og hafnarnefnd Reykhólahrepps saman til fundar á Reykhólum. Mættir Egill Sigurgeirsson, Karl Kristjánsson og Herdís Matthíasdóttir auk byggingafulltrúa Boga Kristinssonar og slökkviliðsstjóra Ragnars Jóhannssonar.

Fyrir var tekið:

1. Kosning formanns nefndarinnar: Sveinn Ragnarsson kosinn formaður og Egill Sigurgeirsson varaformaður.

Byggingamál

2. Byggingarleyfi fyrir endurgerð Bogabúðar í Flatey í sinni nær upprunalegu mynd: Fyrirhuguð bygging var grenndarkynnt fyrir eigendum Bergs og Bræðraminnis og bárust verulegar athugasemdir frá eigendum Bræðraminnis við framkvæmdina. Ágreiningur er um lóðamörk milli eigenda Bogabúðar og Bræðraminnis.

Afstöðumynd H.P. hönnunar dagsett 27. apríl 2006 virðist ekki rétt. Fjarlægð milli Bogabúðar og Bræðraminnis er minni en fram kemur á afstöðumyndinni. Húsafriðunarnefnd byggði álit sitt á þeirri fjarlægð milli húsa sem þar var sýnd og segir í bréfi dagsettu 6. júlí 2006 að endurskoða verði það álit í ljósi breyttra forsendna.

Fyrirhuguð bygging vîkur verulega frá í útliti þeirri byggingu sem upphaflega var á sláturhússgrunninum, sem var einhalla skúrbygging utan á Bogabúð. Endurgerðin er mun háreistari og eru gerðar athugasemdir við skuggamyndanir hennar vegna af eigendum Bræðraminnis. Fjarlægð milli húsa uppfyllir ekki ákvæði byggingareglugerðar gr. 75.1 b. liður og grein 75.5. Nefndin samþykkir að veita ekki byggingarleyfi fyrir fyrirhugaðri endurgerð Bogabúðar.

3. Erindi frá Karli Gunnarssyni fyrir hönd eigenda Vertshúss í Flatey þar sem sótt er um leyfi til að endurreisa skúr neðan við Vertshús. Með vísan til gr. 75.1 b-liðar í byggingareglugerð er erindinu hafnað.
4. Umsókn um nýja glugga á norðurhlið húseignarinnar Alheims, Flatey, frá Guðjóni Sigurbergssyni f.h. eigenda. Erindið samþykkt.
5. Erindi frá Ástu Sjöfn Kristjánsdóttur og Guðmundi Ólafssyni um byggingu íbúðarhúss á Grund. Fyrir liggur bráðabirgðahættumat frá Veðurstofu Íslands dagsett 26. júní 2006. Þar kemur fram að staðsetning hússins sé á hættusvæði A samkvæmt reglugerð 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða. Umsóknin er samþykkt með fyrirvara um að fullnægjandi teikningar liggi fyrir áður en byggingarleyfi er gefið út.
6. Erindi frá Bjarna Þór Bjarnasyni varðandi byggingu bílskúrs á Hellisbraut 44. Erindið samþykkt.
7. Erindi frá Eiríki Snæbjörnssyni um að rífa hesthús og endurbyggja hlöðu og stækka í 119 fermetra. Erindið samþykkt með fyrirvara um samþykki húsafriðunarnefndar varðandi stækkun á hlöðu.
8. Erindi frá Inga Bergþóri Jónassyni varðandi breytingar á sumarhúsi á Kríueyri í Þorskafirði. Samþykkt samhljóða. Einnig er sótt um leyfi fyrir byggingu gesta- og geymsluhúss samkv. uppdrætti dags. 29. júní 2006. Erindið samþykkt.

Bogi og Ragnar yfirgáfu fundinn.

Bogi Kristinsson Magnusen (sign)
Ragnar Jóhannsson (sign)

Hafnarmál

9. Fréttir af hafnarmálum, bréf frá Gísla Gíslasyni formanni stjórnar Hafnasambands sveitarfélaga. Lagt fram til kynningar.
10. Tilmæli um að skip í höfnum landsins noti rafmagn úr landi. Erindi frá Hafnasambandi sveitarfélaga. Lagt fram til kynningar.

Önnur mál

11. Hávaði í umhverfi barna. Erindi frá starfshópi um ráðstefnuna “Hávaði í umhverfi barna.” Lagt fram til kynningar. Æskilegt að leita umsagnar Mennta- og menningarmálanefndar varðandi málið. Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:00

Karl Kristjánsson (sign)
Herdís E. Matthíasdóttir (sign)
Egill Sigurgeirsson (sign)

Karl Kristjánsson reit fundargerð